

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, opnar sýninguna Chihuly á Íslandi, Form úr eldi, á Kjarvalsstöðum í dag.

Sýningin er haldin til heiðurs frú Guðrúnu Katrínu Þorbergsdóttur. Það er mikill fengur að fá Dale Chihuly, heimsþekktan glerlistarmann, hingað til lands en auk sýningarinnar á Kjarvalsstöðum mun hann byggja innsetningar með 600 glerformum í nágrenni Reykjavíkur.



# Glerlist í annarri vídd

Bandaríski glerlistarmaðurinn Dale Chihuly þykir einn sá fremsti á sínu sviði í heiminum í dag. Hann byggir á mjög fjölbreyttum möguleikum glers til að skapa umfangsmikil höggmyndaverk og innsetningar og notar sérstakar aðferðir til þess sem hann hefur þróað í gegnum tíðina. Þær aðferðir voru svo byltingarkenndar á sínum tíma að hann gjörbreytti glerlist í Bandaríkjunum fyrst þegar hann kom fram á sjónarsviðið.


## Yfirtók Jerúsalem

Chihuly hefur verið að í rúm þrjátíu ár og verið mjög athafnasamur. Hann er einn af stofnendum Pilchuck Glass School sem hefur frá stofnun verið einn af hornsteinum glerlistar í heiminum og hafa þaðan jafnan sprottið ferskustu listamennirnir hverju sinni. Chihuly hefur ferðast út um allan heim með glerstykkin sín og er innsetning í alls kyns umhverfi hans aðalsmerki. Hann er með vinnustofur úti um allan heim, t.d. í Bandaríkjunum, Finnlandi, Japan, Tékklandi og Frakklandi.

Nú stendur yfir sýning í Davíðsturni í gamla hluta Jerúsalem þar sem hann tengir saman hinar fornfrægu byggingar sem þar standa, þar sem saga ótal kynslóða hefur verið rituð, hvort sem það var með blóði eða tárnum. Þessu gerir hann góð skil í innsetningum sínum, sem margar hverjar eru himinháar og gnæfa hátt yfir Jerúsalem. Þeirri sýningu lýkur í október en þá hefur hún staðið yfir í tæpt ár.

## Einkasýning í Louvre

Það þýðir ekki að telja upp allar víðurkenningar og verðlaunin sem Chihuly hefur fengið í gegnum árin sökum fjölda þeirra. Hann er heiðursdoktor í öðrum hverjum listaháskóla í Bandaríkjunum. Hann hefur sýnt í ótal galleríum og er einn fjögurra bandarískra listamanna sem hafa haldið einkasýningu í Louvre-safninu (Objets de



Fyrir neðan Persian Pergola innsetninguna í Listasafninu í Detroit.



Innsetning í Fenejum. Chihuly hefur unnið mikið þar.

Verre, 1986). Samstarfsmenn hans lýsa honum sem stormsvæpi en hann kemur kannski eilítið undarlega fyrir sjónir, haltrandi með lepp fyrir öðru auganu. Leppinn fékk hann þegar hann missti sjón á öðru auga í bílslysi árið 1976 en hann hefur aldrei sett það fyrir sig frekar en þegar hann skaddaðist illilega á öxl á brimbretti tveimur árum síðar. Það slysi gerði það að verkum að hann getur ekki snúið og verkað glerið sjálfur (þar sem stangirnar eru niðþungar) og tók hann þá upp þá aðferð að nota teikningar og málverk til að tjá samstarfsmönnum sínum hugmyndir sínar. Síðan hafa myndirnar verið eitt af aðalsmerkjum hans.

## Áhugi á Íslandi

Samstarfsmenn Chihuly hafa unnið hörðum höndum frá síðasta laugardegi við að setja sýninguna upp. „Þetta eru mestallt ný verk sem voru hugsuð inn í þetta rými í bland við eldri,“ segir Jennifer Lewis, aðstoðarkona Chihuly. „Við erum búin að spá mikið í það hvernig við ætjum að útfæra innsetninguna hérna í þessu rými, með þessa lofthæð og vegg. T.d. er risastórt rautt verk sem hangir niður úr loftinu sem vegur 600 pund, annað sem kemur upp úr gólfinu og alls kyns lýsingar á verkunum sem þurfti að koma fyrir.“

Chihuly hefur ekki enn skoðað Kjarvalsstaði í eigin persónu en hann heimaði myndir af hverjum fermetra og vill fylgjast vel með hvernig gengur. Hann hefur í nógu öðru að snúast, á miðvikudaginn opnaði hann sýningu í Marlborough Chelsea-safninu í New York og einnig er hann að undirbúa risaverk sem mun standa í miðborg Monte Carlo í sumar.

„Hann hefur mikinn áhuga á Íslandi og vill opna það fyrir glerlistinni. Í dag er hér einungis ein glervinnslustofa, rekin af Sigrúnu Einarsdóttur og Sören Larsen, þannig að þetta er óþægður akur hérlendis. Ég hef orðið vör við að myndlistarnemarnir eru mjög áhugasamir um glerið en 35 af þeim ætla að hjálpa okkur

við að byggja innsetningarnar hér í kringum Reykjavík,“ segir Jennifer Lewis.

Hin 600 glerform, sem Chihuly ætlar að byggja innsetningar úr, lét hann blása fyrir sig í Finnlandi og var þá með íslenska sögu og náttúru í huga. Nú um helgina mun Chihuly ásamt aðstoðarfólki sínu og myndlistarnemum fara um nágrenni Reykjavíkur og vinna að innsetningunum. Afraksturinn verður gefinn út í bók- og myndbandsformi sem verður unnið af Guðmundi Ingólfssyni ljósmyndara og samstarfsmönnum úr starfslíði Chihuly. Sýningin á Kjarvalsstöðum stendur til 18. apríl.



Hér er Chihuly að teikna hinn himinháa Bláa turn sem er eitt af þeim verkum sem þróa Jerúsalem.

BLÁTT & BLÁTT

600 kr. m/vsk. 4. töl. 12. árg. nr. 60 ISSN 1021-7150

APRIL

EKKI ÆTLAÐ LESENDUM YNGRI EN 16 ÁRA

Leikreglur

í bindi- og drottunarleikjum

Fyrsta kynlífsreynsla

kvikmyndastjarnanna

„Ólöglegur“ myndapáttur

Óeðli

einræðisherranna

Konan

á bak við Sex í Reykjavík

Með þessu blaði fylgir ókeypis 1 kist á sjálfsvæði

5 690691 220006

„Ungt hörund, gamlir veggir“

Smásaga - Sna um völd rebusins - Helmar Bjónna